

Kæru nemendur á námskeiðum við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Vegna hertra sóttvarnaráðstafana gerum við einnar viku hlé á námskeiðahaldi frá og með mánudegi 5. október. Yfirvöld hvetja fólk til að forðast öll mannamót að óþörfu og þar sem námskeiðin eru ekki hluti af samfelldu námi teljum við rétt að bregðast með þessum hætti við þeim tilmælum. Mögulega þurfum við að framlengja hléið um aðra viku, það kemur í ljós. Við munum senda ykkur póst þegar það liggur fyrir.

Námskeiðin munu af þessum sökum standa sem því nemur lengur fram í desember. Vonandi kemur það sér ekki illa fyrir ykkur.

Með bestu kveðjum,

Áslaug Thorlacius